Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

# Ársskýrsla 2020



## Hafið

Hafið bláa hafið, svo fallegt og hljótt
Hafsins huldu dýpi, svo dimm og köld
Hafsins sterku öldur svo lævísar leika sér
Hafið stóra hafið, hvert er þitt leyndarmál
Hafið gamla hafið, hve mörgum hefur þú drekkt
Hafið skrýtna hafið, hvers móðir ert þú hér
Hafið salta hafið, hví græturðu svo sárt
Djúpa hafið svarta, svo dularfullt í nótt
Hafið bláa hafið, ég kem til þín fljótt

**Eva Rut Hjaltadóttir**
**1987**

# Ávarp hafnarstjóra



Öruggar hafnir eru forsendan fyrir öllum öðrum árangri í hafnarstarfsemi. Öryggi starfsfólks og annarra sem starfa á hafnarsvæðum næst með sameiginlegu átaki allra, með innleiðingu öryggismenningar þar sem við látum okkur öll varða eigið öryggi, öryggi starfsfélaganna og þeirra sem njóta þjónustu hafnanna. Við höfum náð ágætis árangri og munum áfram setja öryggismál í fyrsta sæti hjá Faxaflóahöfnum.

Framtíðin er græn og snjöll! Græn þar sem að stöðugt er unnið með grænar lausnir í uppbyggingu svæða og starfsemi hafnanna og snjöll þar sem skilvirkni og árangur næst með innleiðingu á stafrænum lausnum. Unnið er að mikilvægu verkefni um landtengingar flutningaskipa í Sundahöfn en landtengingar hafa þegar verið virkar í Gömlu höfninni um nokkur skeið. Landtengingar munu draga úr og vonandi á einhverjum tímapunkti koma í veg fyrir brennslu á eldsneyti í höfnum og stuðla þannig að auknum loftgæðum sem er afar mikilvægt þar sem höfn og borg mætast.

Árið 2020 bar þess ótvírætt merki í rekstri fyrirtækisins að farsótt herjaði á heimsbyggðina. Tekjur drógust saman en brugðist var við með ráðdeild í rekstri og dregið var úr framkvæmdum. Farþegaskipin munu skila sér aftur til Íslands en mikill áhugi er hjá útgerðunum að hafa viðkomu á Íslandi. Batamerkin eru sýnileg 2021 þó komur farþegaskipa til landsins eigi langt í land með að ná fyrri hæðum og áhugi og bókun farþegaskipa til landsins fyrir árið 2022 er með allra besta móti.

Ferðaþjónustan er orðin órjúfanlegur hluti hafnsækinnar starfsemi. Styttri ferðir frá Gömlu höfninni og víðar eru áberandi og svo iðandi mannlíf á söfnum, kaffhúsum og veitingastöðum á hafnarsvæðunum. Þetta er ánægjuleg þróun en höfum í huga að það sem gerir hafnirnar áhugaverðar er lifandi hafnarstarfsemi og helst mátuleg fiskilykt. Mikil ásókn er í lóðir á hafnarsvæðum en vanda þarf til skipulagsvinnunnar.

Hafnarsvæði eru miðstöð nýsköpunarog öflugs atvinnulífs, hafnsækinnar starfsemi og þjónustu við hana. Stíga þarf mjög varlega til jarðar við þróun íbúðabyggðar á eða nærri hafnarsvæðum.

Grænar og snjallar hafnir við Faxaflóa eru hornsteinn efnahags- og atvinnulífs á svæðinu. Sambýli hafnarstarfsemi og borgar er áskorun en á sama tíma er höfnin lífæð viðskipta og atvinnulífs á svæðinu. Sjóflutningar eru umhverfisvænn og hagkvæmur kostur og öflugar hafnir á SV horni landsins lágmarka kolefnisfótspor flutninga til svæðisins. Það eru stöðug tækifæri til umbóta og frekari uppbyggingar öruggra og grænna hafna og hafnarstarfsemi. Faxaflóahafnir munu halda þeirri þróun áfram til hagsbóta fyrir landsmenn alla.

Reykjavík, 21. júní 2021
Magnús Þór Ásmundsson,
Hafnarstjóri

# Ávarp stjórnarformanns



Þetta hafa verði fordæmalausir tímar. Það verður ekki of oft sagt. En höfnin eins og áður stendur vaktina í brimrótinu. Seinasta ár fól í sér fjölmargar áskoranir fyrir Faxaflóahafnir og viðskiptavini hafnanna. Verulega dró úr útflutningi á ferskum fiski er veitingastaðir erlendis skelltu í lás. Innflutningur dróst saman með tilheyrandi lækkun á vörugjöldum og ferðaþjónustan lamaðist.

Faxaflóahafnir höfðu fjárhagslega burði og styrk til að mæta sínum viðskiptavinum og gerðu það á margvíslegan hátt og það er gott að sjá starfsemi lifna aftur við. Ný þjónustuhús við Ægisgarð voru tekin í notkun á seinasta ári og munu loks fá að þjóna hlutverki sínu núna í sumar. Húsin eru prýði fyrir höfnina og mikilvæg þjónustu aukning fyrir ferðaþjónustuna.

Fyrstu skemmtiferðaskipin eru komin, lífið er að færast í samt horf og vonandi heldur sú þróun áfram.

Stjórnendur Faxaflóahafna undir dyggri stjórn nýs hafnarstjóra unnu kraftaverk á seinasta ári. Skilvirkar hagræðingar aðgerðir og almenn ráðdeild í rekstri skila okkur enn of aftur í hagnaði þrátt fyrir tekjufall síðasta árs og fyrir það vil ég þakka.

Ég vil nota tækifærið hér og kveðja, ég læt af störfum sem stjórnarformaður eftir 7 ára setu í kjölfar aðalfundar. Það hefur verði sannur heiður að starfa með þessu flotta fyrirtæki og taka þátt í þróun þess, takk fyrir mig.

Reykjavík, 24. júní 2021
Kristín Soffía Jónsdóttir,
stjórnarformaður



# Inngangur

Árið 2020 einkenndist rekstur Faxaflóahafna af áhrifum COVID19 faraldursins og viðbrögðum við honum. Einn af stærri tekjupóstum félagsins, þjónusta við skip í ferðaþjónustu hvarf að mestu leiti og hafði það veruleg áhrif á afkomu þess. Vöruflutningar til og frá landinu drógust einnig saman með tilheyrandi frávikum í tekjum af vörugjöldum. Nánar má lesa um áhrif þessa í umfjöllun um afkomu ársins.

Lenging aðalhafnarbakkans í Akraneshöfn er stærsta verkefið í fimm ára fjárhagsramma Faxaflóahafna og hefðu framkvæmdir átt að hefjast á árinu 2020 en var frestað vegna faraldursins. Undir lok árs fundu stjórnendur Faxaflóahafna aftur fyrir auknum áhuga fjárfesta á uppbyggingu iðnaðar á Grundartanga. Eru nú í gangi viðræður við nokkra þeirra. Jafnframt eru Faxaflóahafnir þátttakandi í Þróunarfélagi Grundartanga, en markmið félagsins er að vinna stefnu um framtíðarstarfsemi á svæðinu á grundvelli nýsköpunar og umhverfisvænna lausna. Á haustdögum var lokið við frágang við söluhýsi og annarrar aðstöðu hafnsækinnar ferðaþjónustu á Ægisgarði. Þeim húsum hefur verið úthlutað og líf er að færast á Ægisgarð með auknum straumi ferðafólks. Lokið var við byggingu nýs rafdreifihúss á Faxagarði og mun það m.a. nýtast við uppbygginu landtenginga fyrir stærri skip en nú eru tengjaleg í Gömlu höfninni. Á árinu var skrifað undir samning við umhverfisráðherra, Veitur, Eimskip og Samskip um fjármögnun landtenginga fyrir gámaskip í Sundahöfn. Vonir standa til að fyrsta gámskipið geti tengst fyrir lok þessa árs. Nefnd á vegum samgönguráðherra vann að tillögum um legu Sundabrautar á árinu en skilaði þeim formlega eftir áramót. Megintillaga hópsins er þverun Kleppsvíkur með 30 metra hárri brú. Ljóst er að slík framkvæmd mun hafa töluverð áhrif á starfsemi hafnarinnar við Vogabakka. Samhliða þessari vinnu hófu Faxaflóahafnir vinnu við heildarskipulag svæðisins m.t.t. þeirrar framkvæmdar. Vinna við mat á umhverfisáhrifum fjögurra verkefna í Sundahöfn hófst á árinu og vonast er til að henni ljúki á þessu ári eða 2022.

Nýr dráttabátur sem hlaut nafnið Magni var afhentur Faxaflóahöfnum á árinu. Er hann töluvert öflugri dráttabátur en áður hefur haft heimahöfn á Íslandi og eykur öryggi við þjónustu stærri skipa töluvert. Vandamál í frágangi bátsins komu fljótlega í ljós og sömdu Faxaflóahafnir við skipasmíðastöðina um nokkrar lagfæringar. Magni var svo afhentur aftur á þessu ári endurbættur og tekinn í notkun.

Á árinu skilaði starfshópur um landtengingar tillögum að aðgerðaráætlun. Ljóst má vera af þeim tillögum að töluverðrar fjárfestingar er þörf svo landtengja megi öll skip sem hingað koma á næstu árum og þá sér í lagi stærstu skemmtiferðaskip. Taka þarf samtalið við Veitur um þróun þess verkefnis, m.a. við skiptingu kostnaðar og gjaldskrá. Sambærileg vinna fer fram í öðrum höfnum í Evrópu og fylgst verður grannt með þróuninni þar.

Eignaraðilar Faxaflóahafna sf. og eignarhlutir þeirra voru í lok desember 2020 eftirfarandi:

| | |
|---|---:|
| Reykjavíkurborg | 75,5551% |
| Akraneskaupstaður | 10,7793% |
| Hvalfjarðarsveit | 9,3084% |
| Borgarbyggð | 4,1356% |
| Skorradalshreppur | 0,2216% |



# Stjórn fyrirtækisins

Á aðalfundi Faxaflóahafna sf. þann 12. júní 2020 voru eftirtaldir aðilar skipaðir í stjórn fyrirtækisins.

**Frá Reykjavíkurborg:**

| | |
|---|---|
| Aðalmenn: | Kristín Soffía Jónsdóttir, formaður |
| | Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, varaformaður |
| | Skúli Helgason |
| | Marta Guðjónsdóttir |
| | Örn Þórðarson |
| Varamenn: | Sabine Leskopf |
| | Pawel Bartoszek |
| | Dóra Björt Guðjónsdóttir |
| | Valgerður Sigurðardóttir |
| | Hildur Björnsdóttir |

**Frá Akraneskaupstað:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Ragnar B. Sæmundsson |
| Varamaður: | Karitas Jónsdóttir |
| Áheyrnarfulltrúi: | Ólafur Adolfsson |

**Frá Hvalfjarðarsveit:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Daníel Ottesen |
| Varamaður: | Björgvin Helgason |

**Frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Magnús Már Snorrason |
| Varamaður: | Lilja Björg Ágústsdóttir |

**Áheyrnarfulltrúi starfsmanna kosinn af starfsfólki:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Elliði Aðalsteinsson |
| Varamaður: | Þórarinn Pálsson |




# Afkoma ársins 2020

| Faxaflóahafnir sf. (m.kr.) | Raun 2020 | Áætlun 2020 | Breyting | % | Raun 2019 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 3.485 | 4.249 | -764 | -18,0% | 4.121 | -636 | -15,4% |
| Rekstrargjöld | -3.266 | -3.577 | 311 | -8,7% | -3.258 | -8 | 0,2% |
| **EBITDA** | 968 | 1.552 | -584 | -37,7% | 1.604 | -637 | -39,7% |
| **EBIT** | 219 | 672 | -453 | -67,4% | 863 | -644 | -74,6% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | -13 | 10 | -23 | | 20 | -32 | -165,5% |
| Óreglulegir liðir (tekjur) | 185 | 0 | 185 | | 0 | 185 | |
| **Rekstrarniðurstaða** | **391** | **682** | **-290** | **-42,6%** | **883** | **-491** | **-55,7%** |

**Rekstrarniðurstaða**

Rekstarniðurstaða ársins 2020 nam 391 m.kr. eða 42,6% verri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Til samanburðar var hagnaður 883 m.kr. árið 2019. Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 219 m.kr. eða 67,4% undir áætlun, en 2019 var hagnaður af reglulegri starfsemi 863 m.kr. Söluhagnaður vegna hafnsögubátsins Jötuns, sem var seldur í júní, er 185 m.kr. er undir óreglulegum liðum.




**Rekstrartekjur**

Rekstrartekjur námu 3.485 m.kr. eða 764 m.kr. undir áætlun sem gerði ráð fyrir 4.249 m.kr. Árið 2019 voru tekjur 4.121 m.kr. og hafa því lækkað um 15,4% á milli ára. Allir helstu tekjuliðir drógust saman að eignatekjum undanskildum. Samdráttur í vöruflutningum og afbókanir skemmtiferðaskipa þýða að tekjur ársins urðu talsvert lægri en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Vörugjöld voru 21,5% lægri en áætlun gerði ráð fyrir og aflagjöld voru eilítið undir áætlun. Skipagjöld og tekjur af hafnarþjónustu voru talsvert undir áætlun þar sem nánast engin farþegaskip koma til hafnar vegna Covid-19 faraldursins.




| Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.) | Raun 2020 | Áætlun | Mism. | % | Raun 2019 | Mism. | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vörugjöld | 1.180 | 1.503 | -323 | -21,5% | 1.357 | -177 | -13,0% |
| Aflagjöld | 163 | 170 | -7 | -4,1% | 144 | 19 | 13,2% |
| Skipagjöld | 306 | 503 | -197 | -39,1% | 491 | -185 | -37,7% |
| Farþegagjald | 6 | 63 | -57 | -90,4% | 71 | -65 | -91,5% |
| Eignatekjur | 1.007 | 1.000 | 7 | 0,7% | 988 | 19 | 1,9% |
| Hafnarþjónusta | 461 | 672 | -211 | -31,4% | 695 | -234 | -33,7% |
| Siglingavernd | 217 | 339 | -122 | -36,1% | 357 | -140 | -39,3% |
| Aðrar tekjur | 146 | | 146 | | 18 | 128 | 709,9% |
| | **3.485** | **4.249** | **-764** | **-18,0%** | **4.121** | **-636** | **-15,4%** |

**Vöru- og aflagjöld**

Samdráttur tekna af vörugjöldum skýrist aðallega af minni innflutningi en ráð var fyrir gert en hann nam 2,2 millj. tonna samanborið við 2,5 millj. tonna eins og sjá má í töflunni hér til hliðar. Þannig fækkar gámaeiningum til hafnar úr 221.700 TEU í 221.500. Tómir gámar í flutningi voru 108.600 TEU árið 2019 en voru 100.145 árið 2020. Heildargámaflutningar voru því 321.600 TEU í samanburði við 330.300 TEU árið 2019.

Tekjur af aflagjöldum hækka á milli ára en eru rétt undir áætlun ársins. Aflagjöld reiknast af virði afla og m.a. vegna veikingu krónunnar hefur hann aukist á milli ára þó heildarmagn dragist saman á milli ára.

| Tekjur af vörugjöldum (m.kr.) | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Heildartekjur | 3.966 | 4.121 | 3.485 |
| Tekjur af vörugöldum | 1.421 | 1.357 | 1.180 |
| Hlutfall af heildartekjurm | 35,8% | 32,9% | 33,9% |
| **Þróun flutninga** | **2018** | **2019** | **2020** |
| Innflutningur | 2,7 m. tonn | 2,5 m. tonn | 2,2 m. tonn |
| Útflutningur | 936 þús. tonn | 896 þús. tonn | 805 þús tonn |
| Annar flutningur | 187 þús. tonn | 321 þús. Tonn | 287 þús tonn |
| **Landaður heildarafli** | **2018** | **2019** | **2020** |
| Reykjavík | 103.865 t. | 74.806 t. | 65.870 t. |
| Akranes | 15.572 t. | 2.142 t. | 1.664 t. |
| **Alls** | **119.437 t.** | **76.948 t.** | **67.534 t.** |

**Skipa- og farþegagjöld og tekjur af hafnarþjónustu og siglingarvernd**

Verulegt tekjutap er vegna þess að nánast engin farþegaskip hafa komið til landsins eins og áður sagði en tekjur vegna þeirra voru áætlaðar 700 m.kr. brúttó. á árinu 2020. Hefur sú þróun neikvæð áhrif á tekjur af innviðagjaldflokkunum skipagjöldum og farþegagjöldum.

Skipagjöld og hafnarþjónusta skiluðu samanlagt 767 m.kr. í tekjur, sem er um 22% heildartekna, en gert var samanlagt ráð fyrir 1.175 m.kr. og er tekjufallið því 408 m.kr. á milli ára. Meginskýring þess er að nánast engin farþegaskip sem og rannsóknarskip komu til hafnar 2020 . Á milli áranna 2019 og 2020 varð mikil minnkun í samanlögðum tonnastærðum skipa sem komu til hafnar eða tæp 50% en skipagjöld reiknast af stærð skipa. Fjöldi skipakoma fækkaði um 21% á milli ára. Á árinu 2020 komu 1.085 skip yfir 100 brt. til hafnar, sem er fækkun um 293 skipakomur.

Þegar heildartekjur af farþegaskipum (skipagjöld, farþegagjöld, hafnarþjónusta og siglingavernd) eru skoðaðar má sjá að þær féllu mikið og standa einungis undir 0,3% af heildartekjum. Á töflunni hér til hliðar má sjá þróunina síðustu þrjú ár sem hlutfall af heildartekjum.

| Tekjur af farþegaskipum (m.kr.) | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Tekjur af farþegaskipum | 447 | 597 | 11 |
| Hlutfall af heildartekjum | 11,3% | 15,1% | 0,3% |

**Eignatekjur og aðrar tekjur**

Leigutekjur af lóðum og fasteignum mynda stofn Eignatekna sem eru nánast á pari við áætlun enda eru flestar eignir eru í langtíma útleigu. Lóðagjöld vegna nýúthlutaðra lóða og heimildar til aukins byggingarmagns færast undir Aðrar tekjur. Ekki var gert ráð fyrir þessum tekjum í fjárhagsáætlun og er því jákvæður munur uppá 146 m.kr.

**Tekjur flokkaðar eftir hafnasvæðum**

Þegar heildarrekstrartekjur eru skoðaðar eftir hafnarsvæðum má sjá að Sundahöfn er sem fyrr tekjuhæsta hafnarsvæðið, en Sundahöfn er megingátt flutninga á vörum til og frá Íslandi.

| Skipting rekstrartekna 2020 (m.kr.) | Gamla höfnin | Sundahöfn | Grundartangi | Akranes | Önnur svæði | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vörugjöld | 122 | 820 | 222 | 17 | | 1.180 |
| Aflagjöld | 122 | 35 | 0 | 6 | | 163 |
| Skipagjöld | 86 | 143 | 64 | 12 | 1 | 306 |
| Farþegagjald | 6 | 0 | 0 | 0 | | 6 |
| Eignatekjur | 368 | 610 | 25 | 4 | | 1.007 |
| Hafnarþjónusta | 115 | 239 | 63 | 13 | 31 | 461 |
| Siglingavernd | 1 | 166 | 46 | 4 | 0 | 217 |
| Aðrar tekjur | 3 | | 0 | 0 | 143 | 146 |
| **Samtals:** | **822** | **2.014** | **420** | **54** | **176** | **3.485** |

Eignatekjur eru hæstar í Sundahöfn og aflagjöld hæst í Gömlu höfninni, enda meginhlutanum af bolfiski sem berst til hafnarinnar landað þar. Vörugjöld í Gömlu höfninni eru fyrst og fremst vegna eldsneytisinnflutnings á Eyjargarði. Heildarrekstrartekjur Faxaflóahafna sf. verða að stærstum hluta til í Sundahöfn en tekjur af því svæði voru 58% árið 2020.

**Rekstrargjöld**

Rekstargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2020 voru 3.266 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 3.577 m.kr. Á árinu 2019 voru rekstrargjöld 3.258 m.kr. og hækka um 0,2% á milli ára. Útgjöldin ráðast hins vegar ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig sérgreindum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Inn í rekstrargjöld ársins er fært uppgjör vegna kjarasamninga sem gilda frá 1. apríl 2019. Rekstrargjöld eru almennt í samræmi við áætlun. Rekstrarafgangur ársins er lægri en áætlun gerði ráð fyrir sökum lægri tekna af fyrrgreindum ástæðum.




Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var nánast á áætlun en hafnarvirki og eignagjöld voru undir áætlun, enda var dregið úr áætluðum viðhaldsframkvæmdum þegar ljóst var að COVID19 faraldurinn hefði veruleg áhrif á tekjur félagsins. Þá var hafnarþjónustan um 39 m.kr. yfir áætlun. Kostnaður við siglingavernd var 39 m.kr. undir áætlun. Almennt var rekstur undir áætlun eða í samræmi við áætlun, en afskriftir eru svipaðar og í fyrra.

| Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.) | Raun 2020 | Áætlun | Mism. | % | Raun 2019 | Mism. | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hafnavirki | 646 | 763 | -117 | -15,3% | 677 | -31 | -4,6% |
| Eignagjöld | 494 | 553 | -59 | -10,7% | 480 | 14 | 2,9% |
| Hafnaþjónusta | 692 | 653 | 39 | 6,0% | 655 | 37 | 5,6% |
| Skrifstofu- og stjórnunark. | 421 | 424 | -3 | -0,7% | 407 | 14 | 3,4% |
| Siglingavernd | 265 | 304 | -39 | -12,8% | 298 | -33 | -11,1% |
| Afskriftir | 748 | 880 | -132 | -15,0% | 741 | 7 | 0,9% |
| | **3.266** | **3.577** | **-311** | **-9%** | **3.258** | **8** | **0,2%** |

Launakostnaður óx um 10% á milli ára, og skýrist það m.a. af hækkun og eingreiðslu vegna kjarasamninga, veikindum umfram áætlanir, og einskiptiskostnaðar vegna starfsmannabreytinga.

| Laun og launatengd gjöld (m.kr.) | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| Bækistöð | 132 | 131 | 157 | 157 | 189 |
| Húseignir | 23 | 23 | 27 | 26 | 28 |
| Grundart hafnargæsla | 34 | 37 | 42 | 44 | 51 |
| Hafnsaga | 136 | 166 | 172 | 187 | 195 |
| Hafnarþjónusta | 322 | 328 | 357 | 427 | 461 |
| Hafnarstjórn | 37 | 21 | 20 | 22 | 21 |
| Skrifstofa | 191 | 206 | 210 | 231 | 254 |
| **Samtals:** | **876** | **911** | **984** | **1.095** | **1.200** |

Þar sem Faxaflóahafnir sf. halda úti sólarhringsvakt í hafnarþjónustu og hafnargæslu á Grundartanga er launakostnaður fyrirtækisins einn meginútgjaldaliður þess. Heildarlaunakostnaður árið 2020 nam 1.200 m.kr. Áætlun gerði ráð fyrir 1.150 m.kr. og er frávikið um að ræða kostnað við afleysingar og útköll vegna álagstoppa, veikinda og vegna breytinga í starfsmannahaldi.

| Stöðugildi | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hafnarþjónusta | 31 | 32 | 32 | 32 | 31 |
| Bækistöð | 12 | 12 | 12 | 12 | 13 |
| Tæknideild | 3 | 4 | 3 | 4 | 4 |
| Skrifstofa | 13 | 12 | 13 | 13 | 14 |
| Húseignir | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| Siglingavernd - Umhverfismál | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 |
| **Samtals:** | **66** | **67** | **67** | **68** | **69** |

Að jafnaði eru ráðnir 15 sumarstarfsmenn í Bækistöð fyrirtækisins, 1 sumarstarfsmaður á skrifstofunni og 4-5 starfsmenn eru ráðnir til afleysingar í hafnarþjónustu yfir sumarmánuðina. Heildarársverk eru metin 79. Töluverð endurnýjun hefur átt sér stað í starfsmannahaldi fyrirtækisins. Yngra fólk hefur leyst af eldri starfsmenn. Meðalaldur starfsmanna hefur lækkað úr tæplega 55 árum í rúm 52 ár.

**Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Gjöld af fjármagnsliðum námu um 13 m.kr. Vaxtatekjur voru lægri en ráð var gert fyrir, en vaxtagjöld voru einnig lægri. Tekjur af óreglulegum liðun nam 185 kr. og komu til vegna hagnaðar á sölu dráttabátsins Jötuns. Hagnaður fyrir fjármunaliði er sem fyrr segir 219 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunaliða og óreglulegra liða 391 m.kr.

**Efnahagur**

| Efnahagur (m.kr.) | 31.12.2020 | 31.12.2019 | Breyting | % |
|---|---|---|---|---|
| Fastafjármunir | 14.439 | 13.191 | 1.248 | 9,5% |
| Veltufjármunir án handb.fjár | 437 | 1.431 | -994 | -69,5% |
| Handbært fé | 565 | 1.404 | -839 | -59,8% |
| Eignir samtals | 15.441 | 16.026 | -585 | -3,7% |
| Eigið fé | 14.876 | 14.917 | -41 | -0,3% |
| Langtímaskuldir | 0 | 568 | -568 | -100,0% |
| Næsta árs afborganir langt. skulda | 0 | 95 | -95 | -100,0% |
| Skammtímaskuldir án næsta árs afb. | 565 | 446 | 119 | 26,7% |
| Skuldir samtals | 565 | 1.109 | -544 | -49,1% |
| Skuldir og eigið fé samtals | 15.441 | 16.026 | -585 | -3,7% |

Heildareignir námu 15.441 m.kr. og hafa lækkað frá áramótum. Þar af námu fastafjármunir 14.439 m.kr. og veltufjármunir 1.002 m.kr. Heildarskuldir námu 565 m.kr. og langtímaskuldir 0 m.kr. Eina langtímalán Faxaflóahafnar var greitt upp á árinu. Eigið fé nam 14.876 m.kr.

**Sjóðstreymi**




Veltufé frá rekstri var 897 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 1.572 m.kr. Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir, sem eru framkvæmdir ársins 2020, voru 1.340 m.kr. en ráðgert var að þeir væru 1.850 m.kr. Stærsta einstaka framkvæmd sem hefur verið frestað er endurnýjun Aðalhafnargarðs á Akranesi. Greiddur var út arður til eigenda sem nam 431,6 m.kr. Handbært fé er 565 m.kr. er talsvert lægra en um síðustu áramót, aðallega vegna uppgreiðslu láns en greiddar afborganir lána námu 683 m.kr., en 2019 var handbært fé kr. 1.404 m.kr.




Meginkennitölur fyrirtækisins árin 2016 – 2020 eru eftirfarandi:

| Faxaflóahafnir | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| Eiginfjárhlutfall | 90,6% | 89,6% | 91,6% | 93,1% | 96,3% |
| Arðsemi eigin fjár | 5,9% | 5,0% | 13,0% | 6,0% | 2,6% |
| Veltufjárhlutfall | 3,57 | 2,39 | 4,47 | 5,24 | 1,77 |
| Langtímaskuldir/eigið fé | 6,1% | 5,4% | 4,4% | 3,8% | 0,0% |
| Uppgreiðslutími | 0,6 | 0,6 | 0,4 | 0,4 | 0,0 |
| Heildarskuldir/rekstrartekjum | 39,7% | 41,8% | 34,3% | 26,9% | 16,2% |
| Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum | 44,3% | 36,0% | 45,4% | 39,4% | 25,7% |
| Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur | 43,1% | 35,7% | 44,8% | 38,9% | 27,8% |



# Fjárfestingar og framkvæmdir á árinu 2020

| Fjárfestingar og skipting framkvæmda eftir hafnarsvæðum | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| (í m.kr.) | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2020Á |
| Gamla höfnin | 125 | 461 | 252 | 300 | 560 | 465 |
| Sundahöfn | 1.516 | 957 | 995 | 1.040 | 409 | 555 |
| Grundartangi | 225 | 251 | 188 | 20 | 58 | 110 |
| Akranes | 17 | 45 | 1 | 15 | 6 | 450 |
| Borgarnes | 9 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Annað | 44 | 18 | 19 | 835 | 307 | 270 |
| **Samtals:** | **1.935** | **1.731** | **1.455** | **2.210** | **1.340** | **1.850** |

Helstu verkefni voru eftirfarandi:

- **Í Gömlu höfninni í Reykjavík** var áfram unnið að framkvæmdum við söluhýsi hafsækinnar ferðaþjónustu á Ægisgarði sem lokið var við á haustdögum 2020. Gerðir voru göngupallar umhverfis húsin og öll göngusvæði og lýsing endurnýjuð. Einnig voru hluti lagna í götunni endurnýjaðar. Reist var ný dreifistöð á Faxagarði með rými fyrir vaktaðstöðu með snyrtingu, spennistöð, inntök lagna auk rýmis fyrir búnað vegna landtenginga skipa. Áformun um endurnýjun lagna á Faxagarði var hins vegar frestað. Lýsing á Austurbakka var endurnýjuð í tengslum við aðrar framkvæmdir þar. Lokið var við frumhönnun á nýrri bryggju við sjóminjasafnið en framkvæmd að öðru leyti frestað. Lokið var við endurnýjun á þaki Grandaskála. Verkefnið hefur verið unnið í áföngum. Framkvæmdir við Öldubrjót í Suðurbugt voru kláraðar auk þess sem viðhaldsdýpkun lauk á árinu.

- **Í Sundahöfn** var dýpkað á innsiglingar- og snúningssvæði Sundabakka. Alls voru fjarlægðir um 280.000 m³ af efni sem losað var í fyrrum námusvæði við Engey. Verkið var unnið í desembermánuði og var að fullu lokið fyrir

áramót.  Einnig var lokið við dýpkun á aðsiglingu og snúningssvæði Vogabakka í Kleppsvík. Farþegaaðstaða á ytri legu Skarfabakka var stækkuð og aðstaðan á syðri legunni endurnýjuð. Lokið var við fyllingu við Laugarnes og gengið frá sjóvörnum við hana. Meginhluti fyllingarefnis og grjót í sjóvarnir komu úr grunni nýs Landspítala. Undirbúningsvinna fyrir framtíðarþróun Sundahafnar fór í gang, þ.á.m. mat á umhverfisáhrifum fyrir þær framkvæmdir.  Þróunarvinna vegna landtenginga í Sundahöfn hófst á árinu auk þess sem framkvæmdir vegna nýs innsiglingamerkis fóru af stað.

- **Á Grundartanga** var unnið að ýmsum smærri undirbúningsverkum við þróun og úthlutun lóða en framkvæmdir bíða þess að hreyfing komist á úthlutanir lóða fyrir starfsemi á svæðinu. Einnig var unnið þar að viðhaldi slitlags auk þess sem efra malbikslag var lagt á 2. áfanga Tangabakkans. Keyptir voru nýir fenderbelgir á helming Tangabakka.

- **Á Akranesi** var áfram unnið að undirbúningi að endurnýjun og lengingu fremsta hluta Aðalhafnargarðs. Í framkvæmdinni felst að reka stálþil utan á fremsta hluta Aðalhafnargarðsins og lengja hann um 110 metra þannig að lengd viðlegu við þennan hluta garðsins verður um 220  metrar.

- **Annað:** Á árinu 2018 var boðin út smíði á nýjum dráttarbáti fyrir Faxaflóahafnir og miðað við að sá bátur hefði 80 tonna dráttargetu.  Báturinn kom til landsins í febrúar 2020. Hann var að stærstum hluta greiddur á árinu 2019. Vandamál komu fljótlega í ljós varðandi rekstur hans og er hann í lagfæringum hjá framleiðanda.




Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum og lóðasölu.




# Skipulags- og lóðamál

Fyrirhugað er að fara í gerð rammaskipulags í heild fyrir svæði Örfiriseyjar og Gömlu hafnarinnar. Verður þá stefna tekin í uppbyggingu og notkun svæðisins til framtíðar. Áætlað er að þessi vinna fari fram á árinu 2021.

Deiliskipulag svonefnds Línbergsreits við Fiskislóð í Örfirisey var afgreitt hjá Reykjavíkurborg á árinu og auglýst í framhaldinu. Er það ferli í gangi og reiknað er með að deiliskipulagið taki gildi á árinu 2021.

Skipulag Sundahafnarsvæðisins er verkefni sem er áfram í vinnslu þar sem m.a. áætlaðar breytingar á hafnarmannvirkjum, landfyllingar og dýpkanir eru í mati á umhverfisáhrifum. Skipulag svæðisins í heild þarf m.a. að taka tillit til legu nýrrar Sundabrautar og er sú vinna í gangi.

Undirbúningur við stofnun lóðar fyrir nýja aðveitustöð Veitna við Sægarða 1 fór af stað á árinu. Sú aðveitustöð kemur til með að styrkja rafmagnsdreifikerfið m.a. fyrir hafnarsvæðið í Sundahöfn.



# Umhverfi og öryggi

Faxaflóahafnir hafa viðhaldið vottuðu umhverfis og öryggisstjórnkerfi undanfarin ár. Á árinu 2020 var ákveðið að sameina umhverfis og öryggisstefnu hafnarinnar enda skörun talsverð á málaflokkunum. Sameinuð stefna var samþykkt í stjórn á vordögum 2021. Stefnuna má finna hér.

## Umhverfismál

Faxaflóahafnir sf. leggja áherslu á að vera leiðandi í umhverfismálum, að dregið sé úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá starfseminni, unnið sé að stöðugum umbótum og að fylgst sé með frammistöðu í umhverfismálum.

Faxaflóahafnir hafa haldið „Grænt bókhald“ frá árinu 2016 og er því ætlað að stuðla að aðhaldi og vöktun í fyrirtækinu en einnig góðri upplýsingagjöf og samskiptum við innri og ytri hagaðila.

Grænt bókhald hafnarinnar má finna hér í heild sinni.




Mynd 1: Losun gróðurhúsalofttegunda eftir uppruna árið 2020 skipt niður í umföng.

Á myndinni hér að ofan, sem er í grænu bókhaldi 2020, má sjá hvernig kolefnislosun dreifist á flokka. Eins og glögglega má sjá er uppruninn að mestu frá brennslu jarðefnaeldsneytis ásamt framleiðslu og flutningi þess (dráttarbátar, bifreiðar og akstur starfsmanna til/frá vinnu) eða 93% af allri kolefnislosun samtals 1.003 t $CO_2$.

Faxaflóahafnir höfðu það að markmiði að verða kolefnishlutlausar strax fyrir árið 2020. Því er náð að mestu með miklum og góðum árangri í eigin skógrækt og endurheimt eigin votlendis sem nemur 855 t $CO_2$. Það sem á vantar verður jafnað með aðstoð innlendra aðila.

Í ljósi þessa upplýsinga verður gripið til ýmissa ráðstafana á árinu 2021 til að minnka heildar-olíunotkun hafnarinnar. Þar má nefna orkuskipti bílaflota ásamt hvata til starfsfólks til orkuskipta auk þess sem stuðlað verði að grænni siglingamáta dráttarbáta með aðstoð kerfis sem stöðugt vaktar og hefur eldsneytiseyðslu sýnilega fyrir notendum.

Útstreymisbókhald vegna skipakoma hefur verið haldið frá árinu 2016. Útstreymisbókhald má finna hér. Helstu niðurstöður eru að kolefnislosun er 32% minni en árið áður. Er það vegna minni skipaumferðar árið 2020 en árið áður.

# Öryggismál

Faxaflóahafnir byggja nálgun sína á vottuðu ISO 45001 öryggisstjórnkerfi.

Í því felst að öryggisreglur hafa verið settar á grundvelli virks áhættumats fyrir starfsemina og gilda þær reglur jafnt fyrir starfsfólk og verktaka á vegum fyrirtækisins.

Virk orsakagreining hjálpar til við að læra af reynslunni, koma í veg fyrir endurtekin atvik og uppfæra þau varnalög sem eru til staðar.

Faxaflóhafnir hafa viðhaldið virku ábendingarkerfi þar sem starfsfólk, viðskiptavinir og almenningur geta sent inn ábendingar um það sem vel er gert og betur má fara. Í gegnum sama farveg koma allar skráningar um tjón, óhöpp og mengunaratvik sem koma upp.

Starfsfólki, stjórnendum og stjórn er haldið upplýstum um atvik sem orðið hafa og er lögðmikil áhersla á orsakagreiningu atvika sem upp koma með það að markmiði að læra af og gera betur.

## Hér á eftir má sjá tölfræði helstu málaflokka samanborið við 2019. (Bláar súlur eru 2019)

### *Slys – næstum slys*




Fjarveruslysin eru enn of mörg en þó hafa fæst þeirra verið alvarleg . Skyndihjálparslysin eru vinnuaðferðatengd s.s. sorplosun, stunga, stigið í kapalspor og hlutur fellur á starfsmann.

Við tökum öll meiðsli alvarlega en rannsökum sérstaklega þau alvarlegustu. Tilgangurinn er alltaf að finna tækifæri til að gera betur og koma í veg fyrir meiðsli og slys.

### *Tjón – Óhöpp.*




Í fjórum tilfellum fór aðskotahlutur í skrúfu dráttarbáta en önnur óhöpp orsökuðu  smáskemmdir á bátum við vinnu í erfiðum aðstæðum. Gott er að ökutækjatjónum fækkaði úr 9 í 4 milli ára.

### *Mengunartilvik*




Flest mengunartilvik eru vegna olíu og eru smávægileg. Oftast eru þetta smátilvik sem valda sjónmengun eða eitthvað sem hefur hellst niður á jörðu og verið þrifið á eftir. Í gangi er átak að aðstoða starfsemi annarra aðila á hafnarsvæðinu við að geta brugðist við hraðar og á meðvitaðri hátt. Það átak hefur nú þegar skilað árangri.

Gerlamengun er mæld reglulega í höfninni og eru þessi tilvik bæði í Vesturhöfn og uppruni þekktur.

### *Ábendingar – Kvartanir 2019-2020*




Faxaflóahafnir leggja mikið upp úr því að fá sem flestar ábendingar um  hvað megi betur fara. Flestar tilkynningar eru vegna öryggismála, enda áhersla hjá fyrirtækinu að tilkynna ef eitthvað þarfnast athugunar.

Auk þess koma ábendingar um umhverfið okkar. Rétt er að benda á að langflestar ábendingar koma frá starfsfólki Faxaflóahafna.



# Niðurlag

Covid-19 faraldurinn setti mark sitt á rekstur Faxaflóahafna á árinu 2020. Brugðist var við tekjutapi einkum með því að draga úr framkvæmdum og náðist ásættanlegur rekstrarárangur á árinu en fyrirtækið skilaði hagnaði af reglulegri starfsemi.

Efnahagur Faxaflóahafna er sterkur og fyrirtækið er vel í stakk búið til að mæta ágjöf, eins og sýnilegt var á síðasta ári. Vegna vaxtaumhverfis í lok árs 2020 var sú ákvörðun tekin að greiða upp langtímaskuldir fyrirtækisins og ber það nú engar langtímaskuldir.

Á árinu 2020 hófst vinna við mat á umhverfisáhrifum Sundahafnarsvæðisins í heild. Á þessu ári er fyrirliggjandi vinna um skipulag svæðisins með tilliti til landnýtingar og þarfa fyrir frekari uppbyggingu. Áform um Sundabraut hafa verið kynnt og ljóst að verði þau áform að veruleika munu áhrifin verða umtalsverð í Sundahöfn. Vinnu um skipulag Sundahafnasvæðis er m.a. ætluð til að bregðast við þeim aðstæðum sem skapast, muni Sundabraut skera svæðið. Á Akranesi eru mikil tækifæri til framtíðar. Áformað er að bæta hafnaraðstöðuna þar og tryggja að höfnin geti áfram þjónað vel sem fiskihöfn en einnig að líta til annarra tækifæra svo sem í ferðaþjónustu. Nokkrar komur farþegaskipa eru þegar bókaðar árið 2021 til Akraness. Á Grundartanga verður áherslan á þróun iðngarðs með grænum áherslum. Innviðir eru afar góðir á Grundartanga, aðgangur að góðri höfn sem hefur stækkunarmöguleika, aðgangur að raforku, góðum samgöngum og síðast en ekki síst að öflugu vinnuafli. Nokkrir aðilar hafa lýst áhuga á framleiðslu vetnis og vetnisafleiða á Grundartanga og verður þeim áhuga fylgt eftir í samstarfi Faxaflóahafna, Hvalfjarðarsveitar og Þróunarfélags Grundartanga.

Faxaflóahafnir hafa góð tækifæri til að þróa sína starfsemi áfram. Drög voru lögð að nýju skipulagi sem leggur áherslu á ferli eða tekjustrauma og hefur því verið fylgt eftir með innleiðingu á nýju ári. Ný öryggis-, heilsu og umhverfisstefna var undirbúin á árinu og innleidd á nýju ári. Þróun og þjálfun mannauðs er tækifæri til að mæta nýjum tímum og unnið er skv. nýjum vegvísi í þróun upplýsingatækni hjá Faxaflóahöfnum. Allt miðar að því að gera fyrirtækið sem best í stakk búið til að mæta kröfum framtíðarinnar um góða og skilvirka þjónustu, kröfum og væntingum um öruggar, grænar og snjallar hafnir.

Reykjavík, 22. júní 2021

Magnús Þór Ásmundsson,
hafnarstjóri.

Ársreikningur

# Faxaflóahafna sf.

2020

Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Áritun hafnarstjóra og hafnarstjórnar | 2 - 3 |
| Áritun endurskoðanda | 4 - 5 |
| Rekstrarreikningur ársins 2020 | 6 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2020 | 7 - 8 |
| Sjóðstreymi ársins 2020 | 9 |
| Skýringar | 10 - 15 |


**Stjórn Faxaflóahafna sf.:**

**Aðalmenn**
Kristín Soffía Jónsdóttir, formaður
Daniel Ottesen
Marta Guðjónsdóttir
Magnús Smári Snorrason
Ragnar B. Sæmundsson
Skúli Helgason
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
Örn Þórðarson

**Varamenn**
Björgvin Helgason
Dóra Björt Guðjónsdóttir
Hildur Björnsdóttir
Karitas Jónsdóttir
Lilja Björg Ágústdóttir
Pawel Bartoszek
Sabine Leskopf
Valgerður Sigurðardóttir

# Áritun hafnarstjóra og hafnarstjórnar

Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, Borgarnesi, Grundartanga og Reykjavík.

Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins 391 millj.kr. Eigið fé félagsins í lok árs nam um 14.876 millj.kr., en nam um 14.917 millj.kr. í byrjun árs. Hafnarstjórn leggur til að á árinu 2021 verði ekki greiddur út arður vegna afkomu 2020 til hluthafa. Að öðru leyti vísast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Stöðugildi hjá Faxaflóahöfnum sf. voru að jafnaði 79 og launagreiðslur félagsins námu um 965 millj.kr. á árinu.

Rekstur ársins 2020 endurspeglar áhrif faraldurs COVID-19 veirunnar á starfsemi félagsins. Koma skemmtiferðaskipa til landsins var nánast engin og hafði það þó nokkur áhrif á tekjur félagsins auk þess sem innflutningur var minni en á fyrra ári. Félagið hefur gripið til ýmissa úrræða til að koma til móts við viðskiptavini sína má þar m.a. nefna frestun á greiðslu húsaleigu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, tímabundin lækkun farþegagjalda hvala- og náttúruskoðunarfyrirtækja, tímabundin lækkun lóðaleigu og tímabundin lækkun gjaldskrá fyrir dráttarbátinn Magna. Einnig hefur félagið gripið til aðgerða sem miða að því að verja lausafjárstöðu félagsins og koma félaginu í gegnum tímabundna niðursveiflu. Félagið hefur ekki þegið neina opinbera styrki eða nýtt nein úrræði stjórnvalda vegna COVID-19. Ekki er fyrirséð um hvenær draga muni úr áhrifum faraldursins á starfsemi félagsins en áætlanir stjórnenda félagsins gera ráð fyrir að áframhaldandi rekstur þess sé tryggður.

Þrátt fyrir áhrif COVID-19 á starfsemi félagsins er fjárhagstaða þess sterk og að mati hafnarstjórnar og hafnarstjóra hafa ekki komið fram vísbendingar við undirritun ársreikningsins að vafi kunni að leika á rekstrarhæfi félagsins.

Eignarhlutur eigenda Faxaflóahafna sf. er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 75,5551% |
| Akraneskaupstaður | 10,7793% |
| Hvalfjarðarsveit | 9,3084% |
| Borgarbyggð | 4,1356% |
| Skorradalshreppur | 0,2216% |

# Áritun hafnarstjóra og hafnarstjórnar, framhald

Vísað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og breytingar á eigin fé félagsins.

Hafnarstjóri og hafnarstjórn staðfesta hér með ársreikning Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. mars 2021

Stjórn Faxaflóahafna sf.:

Hafnarstjóri:

# Áritun óháðra endurskoðanda

Til stjórnar og eiganda Faxaflóahafna sf.

**Álit**

Við höfum endurskoðað ársreikning Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2020 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lámarki sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

**Grundvöllur fyrir áliti**

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Aðrar upplýsingar**

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem félagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á efni ársskýrslunnar og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórn og hafnarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og hafnarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og hafnarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.

- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.

- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 19. mars 2021

**Theodór S. Sigurbergsson**
**löggiltur endurskoðandi**

# Rekstrarreikningur ársins 2020

| | Skýr. | 2020 | Fjárhagsáætlun 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Vörugjöld | | 1.180.028 | 1.503.148 | 1.357.112 |
| Aflagjöld | | 162.842 | 170.000 | 143.630 |
| Skipagjöld | | 305.879 | 502.755 | 491.135 |
| Farþegagjald | | 5.739 | 62.576 | 70.710 |
| Eignatekjur | | 1.007.033 | 999.576 | 987.876 |
| Hafnarþjónusta | | 461.221 | 671.905 | 695.312 |
| Siglingavernd | | 216.751 | 339.219 | 356.983 |
| Aðrar tekjur | | 145.779 | 0 | 18.507 |
| | 2 | 3.485.272 | 4.249.179 | 4.121.264 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Hafnarvirki | | 645.992 | 763.216 | 676.624 |
| Eignagjöld | | 493.694 | 553.377 | 480.584 |
| Hafnarþjónusta | | 691.899 | 653.388 | 654.577 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | 421.395 | 423.978 | 407.011 |
| Siglingavernd | | 264.781 | 303.454 | 298.168 |
| Afskriftir | 2, 5 | 748.285 | 880.000 | 741.076 |
| | | 3.266.046 | 3.577.413 | 3.258.040 |
| Hagnaður fyrir fjármagnsliði | | 219.225 | 671.766 | 863.225 |
| **Fjármagnsliðir** | | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 19.933 | 45.000 | 63.858 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 33.972) | ( 35.000) | ( 45.525) |
| Arður af eignarhlutum í félögum | | 0 | 0 | 5.608 |
| Gengismunur | 2 | 1.199 | 0 | ( 4.336) |
| | | ( 12.841) | 10.000 | 19.605 |
| Hagnaður af reglulegri starfsemi | | 206.384 | 681.766 | 882.830 |
| **Óreglulegir liðir** | | | | |
| Hagnaður vegna sölu á hafsögubáti | | 184.956 | 0 | 0 |
| | | 184.956 | 0 | 0 |
| **Hagnaður ársins** | | 391.340 | 681.766 | 882.830 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 2, 5 | | |
| Fasteignir og lóðir | | 2.663.189 | 2.666.251 |
| Hafnir og mannvirki | | 9.694.716 | 9.501.943 |
| Gatnakerfi | | 615.989 | 595.852 |
| Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki | | 1.233.679 | 175.444 |
| | | 14.207.573 | 12.939.491 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 2, 6 | 78.950 | 78.950 |
| Langtímakröfur | 2, 7 | 152.413 | 172.425 |
| | | 231.363 | 251.376 |
| **Fastafjármunir** | | 14.438.936 | 13.190.866 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir | 2, 7 | 125.828 | 263.142 |
| Viðskiptakröfur | 2, 4 | 306.717 | 348.125 |
| Aðrar kröfur | | 4.808 | 820.221 |
| Handbært fé: | 2 | | |
| Sjóður og bankainnstæður | | 564.968 | 1.404.059 |
| **Veltufjármunir** | | 1.002.321 | 2.835.547 |
| **Eignir samtals** | | 15.441.258 | 16.026.414 |

31. desember 2020

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 14.876.441 | 14.916.701 |
| **Eigið fé samtals** | | 14.876.441 | 14.916.701 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Langtímaskuldir | 9 | 0 | 568.497 |
| **Langtímaskuldir** | | 0 | 568.497 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 9 | 0 | 94.749 |
| Viðskiptaskuldir | | 358.934 | 308.179 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | | 205.883 | 138.288 |
| **Skammtímaskuldir** | | 564.817 | 541.216 |
| **Skuldir samtals** | | 564.817 | 1.109.713 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 15.441.258 | 16.026.414 |
| **Skuldbindingar utan efnahagsreiknings** | 10 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2020

| | Skýr. | 2020 | Fjárhagsáætlun 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Hagnaður ársins | | 391.340 | 681.766 | 882.830 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Afskriftir | 5 | 748.285 | 880.000 | 741.076 |
| (Söluhagnaður) tap | | ( 250.295) | 0 | ( 5.785) |
| Verðbætur og gengismunur langtímalána | | 19.920 | 0 | 19.259 |
| Verðbætur langtímakrafna | | ( 12.089) | 10.000 | ( 14.340) |
| | | 897.161 | 1.571.766 | 1.623.038 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 45.695 | 0 | ( 54.108) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 118.350 | 0 | ( 174.476) |
| | | 164.045 | 0 | ( 228.583) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 1.061.207 | 1.571.766 | 1.394.455 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | | ( 1.340.283) | ( 1.850.000) | ( 2.209.711) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 221.145 | 0 | 26.365 |
| Eignarhlutar, breyting | | 0 | 0 | 53.518 |
| Lóðasala (lóðaúthlutun) | | 164.191 | 120.000 | 104.202 |
| Veitt skuldabréfalán | | ( 112.075) | ( 96.000) | ( 78.151) |
| Afborganir langtímakrafna | | 281.491 | 280.000 | 269.965 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | ( 785.531) | ( 1.546.000) | ( 1.833.813) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Greiddar afborganir langtímalána | | ( 683.166) | ( 94.000) | ( 94.289) |
| Greiddur arður | | ( 431.600) | ( 385.000) | ( 694.500) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | ( 1.114.766) | ( 479.000) | ( 788.789) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | ( 839.090) | ( 453.234) | ( 1.228.147) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 1.404.059 | 1.404.059 | 2.632.205 |
| **Handbært fé í árslok** | | 564.968 | 950.825 | 1.404.059 |

# Skýringar

### Starfsemi

1. Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, í Borgarnesi, á Grundartanga og í Reykjavík.

### Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferð og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er hluti af samstæðuársreikningi Reykjavíkurborgar.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Verðlags- og gengisviðmið

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2021. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða kaupgengi í árslok og skuldir í erlendum gjaldmiðlum í íslenskar krónur á síðasta skráða sölugengi í árslok.

### Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

### Skráning tekna

Tekjur af leigu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Eignatekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur af leigu og þjónustu er framsettar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

### Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

## Skattamál

Félagið er undanþegið tekjuskattskyldu og hafnarsjóðir eru undanþegnir hvers konar sköttum af hafnarmannvirkjum.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til að niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 40 ár |
| Lóðir og gatnakerfi | 25 ár |
| Hafnir og mannvirki | 10 - 25 ár |
| Bifreiðar, bátar, áhöld og tæki | 5 -10 ár |

## Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutar í félögum eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutar í dótturfélögum eru ekki færðir m.v. hlutdeildaraðferð og ekki gerð samstæða þar sem áhrif félaganna eru óveruleg.

## Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Í rekstrarreikningi ársins eru gjaldfærðar 25,7 millj. kr. vegna hækkunar niðurfærslu, þar af er sérstök niðurfærsla 20 millj. kr. vegna óvissu vegna ferðaþjónustufyrirtækja. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

## Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Laun og launatengd gjöld

3. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Laun | 965.012 | 880.551 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 147.671 | 131.675 |
| Önnur launatengd gjöld | 87.264 | 82.381 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 1.199.947 | 1.094.607 |
| | | |
| Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf | 79 | 78 |

Laun til stjórnar og hafnarstjóra námu 46,2 millj. kr. á árinu 2020 (2019; 36,2 millj. kr.). Nýr hafnarstjóri var ráðinn á árinu

Laun og tengd gjöld sundurliðast þannig á liði í rekstarreikningi:

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Hafnarvirki | 189.484 | 161.705 |
| Eignagjöld | 27.517 | 26.400 |
| Hafnarþjónusta | 656.002 | 613.724 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 275.708 | 252.924 |
| Siglingavernd | 51.236 | 39.855 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 1.199.947 | 1.094.607 |

### Niðurfærsla viðskiptakrafna

4. Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum og nemur niðurfærslan 50,7 millj.kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi.

Niðurfærsla krafna greinist þannig:

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 25.035 | 31.446 |
| Tapaðar kröfur á árinu | 0 | (10.870) |
| Gjaldfærð niðurfærsla á árinu | 25.701 | 4.459 |
| Niðurfærsla í árslok | 50.736 | 25.035 |

## Varanlegir fastafjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| *fjárhæðir í þús. kr.* | Fasteignir og lóðir | Hafnir og mannvirki | Gatnakerfi | Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2020 | 7.992.450 | 20.792.916 | 1.060.224 | 1.276.670 | 31.122.260 |
| Afskrifað áður | ( 5.326.198) | ( 11.290.973) | ( 464.372) | ( 1.101.226) | ( 18.182.769) |
| | 2.666.251 | 9.501.943 | 595.852 | 175.444 | 12.939.491 |
| Viðbót á árinu. | 196.924 | 753.415 | 82.645 | 1.118.425 | 2.151.409 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 80.328) | 0 | ( 18.895) | ( 35.818) | ( 135.041) |
| Afskrifað á árinu | ( 119.659) | ( 560.642) | ( 43.613) | ( 24.371) | ( 748.285) |
| Heildareign 31.12. 2020 | 2.663.189 | 9.694.716 | 615.989 | 1.233.679 | 14.207.573 |
| | | | | | |
| Heildarverð 31.12.2020 | 8.109.046 | 21.546.331 | 1.123.974 | 2.036.905 | 32.816.256 |
| Afskrifað samtals 31.12.2020 | ( 5.445.857) | ( 11.851.615) | ( 507.985) | ( 803.226) | ( 18.608.683) |
| Heildareign 31.12. 2020 | 2.663.189 | 9.694.716 | 615.989 | 1.233.679 | 14.207.573 |
| | | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2,5-4% | 4-10% | 4% | 10 - 20% | |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins greinist þannig:

| *fjárhæðir í þús. kr.* | Fasteignamat<br>**31.12. 2020** | Vátryggingamat<br>**31.12. 2020** |
|---|---|---|
| Fasteignir | 6.236.350 | 6.025.636 |
| Lóðir | 38.494.369 | 0 |
| Bátar | 0 | 1.437.101 |
| Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir | 0 | 770.335 |
| | 44.730.719 | 8.233.072 |

## Áhættufjármunir og langtímakröfur

6. Eignarhlutar í öðrum félögum greinast þannig:

| | Eignarhluti | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Aflvaki hf., Reykjavík | 7,6% | 608 | 719 |
| Halakot ehf., Reykjavík | 100,0% | 2.000 | 2.000 |
| Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar sf., Akranes | 50,0% | 25.500 | 75.481 |
| Þjónustum. Grundartangasvæði, Grundartanga | | 0 | 750 |
| | | 28.108 | 78.950 |

Faxaflóahafnir sf. er helmingseigandi að Vatnsveitu Hvalfjarðarsveitar sf., en tilgangur félagsins er öflun vatns vegna starfsemi á Grundartanga og í svonefndu Hagamelshverfi. Skuldbindingar Vatnsveitu Hvalfjarðarsveitar í árslok nema um 1,1 millj.kr. Faxaflóahafnir bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

7. Yfirlit um langtímakröfur:

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Skuldabréf | 278.240 | 435.568 |
| Næsta árs afborganir | ( 125.828) | ( 263.142) |
| Langtímakröfur í efnahagsreikningi samtals | 152.413 | 172.425 |

Langtímakröfur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Verðtryggð lán bundin NVT til verðtryggingar | 278.240 | 435.568 |
| | 278.240 | 435.568 |

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 2021 / 2020 | 125.828 | 263.142 |
| Árið 2022 / 2021 | 76.689 | 101.303 |
| Árið 2023 / 2022 | 43.266 | 51.709 |
| Árið 2024 / 2023 | 23.175 | 19.413 |
| Árið 2025 / 2024 | 9.282 | 0 |
| Langtímakröfur samtals | 278.240 | 435.568 |

## Eigið fé

8. Yfirlit um óráðstafað eigið fé:

| *fjárhæðir í þús. kr.* | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Óráðstafað eigið fé í upphafi árs | 14.916.701 | 14.728.371 |
| Greiddur arður | ( 431.600) | ( 694.500) |
| Hagnaður ársins | 391.340 | 882.830 |
| Óráðstafað eigið fé í lok árs | 14.876.441 | 14.916.701 |

## Langtímaskuldir

9. Yfirlit um langtímaskuldir:

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 0 | 663.246 |
| | 0 | 663.246 |

| Langtímaskuldir greinast þannig: | Vextir | | |
|---|---|---|---|
| Verðtryggð lán önnur | 2,30% | 0 | 663.246 |
| | | 0 | 663.246 |

| Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár: | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Árið 2021 / 2020 | 0 | 94.749 |
| Árið 2022 / 2021 | 0 | 94.749 |
| Árið 2023 / 2022 | 0 | 94.749 |
| Árið 2024 / 2023 | 0 | 94.749 |
| Árið 2025 / 2024 | 0 | 94.749 |
| Afborgun síðar | 0 | 189.499 |
| Langtímaskuldir alls | 0 | 663.246 |

## Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

### Verksamningar

10. Skuldbindingar vegna verksamninga sem ólokið er um áramótin námu um 51,1 millj. kr. í árslok 2020.

### Tengdir aðilar

*Skilgreining á tengdum aðilum*

11. Eigendur og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

Tekjur frá Reykjavíkurborg og systurfélögum á árinu 2020 námu um 25,7 millj.kr. Kaup á vörum og þjónustu af Reykjavíkurborg og systurfélögum námu um 371,9 millj.kr. á árinu og af öðrum tengdum aðilum um 13,0 millj.kr á árinu. Viðskiptaskuldir við tengd félög námu 53,8 millj. kr. í árslok. Auk þess er fært á meðal langtímakrafna skuldabréf á hendur Reykjavíkurborg, sem bókfært er á 12,0 millj. kr. þar af nema næsta árs afborganir 8,9 millj. kr.

### Þóknun til endurskoðenda

12. Þóknun til ytri endurskoðenda félagsins á árinu 2020 nam 3,0 millj. kr. (2019: 3,9 millj. kr.).

# Sundurliðanir

## Rekstrartekjur

| | 2020 | Fjárhagsáætlun 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Vörugjöld** | | | |
| Almenn vörugjöld | 1.060.111 | 1.352.971 | 1.225.550 |
| Vörugjöld olíu | 119.917 | 150.177 | 131.562 |
| **Vörugjöld** | 1.180.028 | 1.503.148 | 1.357.112 |
| **Aflagjöld** | | | |
| Aflagjöld | 162.842 | 170.000 | 143.630 |
| **Aflagjöld** | 162.842 | 170.000 | 143.630 |
| **Skipagjöld** | | | |
| Lestargjöld | 92.983 | 194.967 | 184.370 |
| Bryggjugjöld | 181.627 | 288.841 | 277.284 |
| Legugjöld | 31.269 | 18.947 | 29.481 |
| **Skipagjöld** | 305.879 | 502.755 | 491.135 |
| **Farþegagjald** | | | |
| Farþegagjald | 5.739 | 62.576 | 70.710 |
| **Farþegagjald** | 5.739 | 62.576 | 70.710 |
| **Eignatekjur** | | | |
| Lóðaleiga | 643.794 | 643.703 | 640.734 |
| Hafnarbakkaleiga | 83.884 | 67.862 | 66.296 |
| Leiga á geymslusvæðum | 3.743 | 2.682 | 3.369 |
| Leiga á dráttarbrautum | 9.352 | 15.375 | 17.560 |
| Húsaleiga | 266.261 | 269.954 | 259.918 |
| **Eignatekjur** | 1.007.033 | 999.576 | 987.876 |
| **Hafnarþjónusta** | | | |
| Hafnsaga | 82.780 | 174.906 | 165.221 |
| Festargjöld | 62.106 | 97.375 | 100.654 |
| Hafnsögubátar | 194.391 | 256.250 | 274.542 |
| Vigtir o.fl. | 31.474 | 33.489 | 40.267 |
| Rafmagn | 72.720 | 79.536 | 78.757 |
| Vatnsala | 17.751 | 30.349 | 35.871 |
| **Hafnarþjónusta** | 461.221 | 671.905 | 695.312 |
| **Siglingavernd** | | | |
| Skipavernd | 18.759 | 52.326 | 57.208 |
| Farmvernd | 197.594 | 243.535 | 254.850 |
| Farþegavernd | 398 | 43.358 | 44.925 |
| **Siglingavernd** | 216.751 | 339.219 | 356.983 |

# Sundurliðanir

| Aðrar tekjur | 2020 | Fjárhagsáætlun 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| Söluhagnaður fastafjármuna | 0 | 0 | 5.785 |
| Aðrar tekjur | 145.779 | 0 | 12.721 |
| **Aðrar tekjur** | 145.779 | 0 | 18.507 |

## Rekstrargjöld

### Hafnarvirki

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hafnarvirki | 552.929 | 655.159 | 567.845 |
| Bækistöð | 22.229 | 23.630 | 32.146 |
| Rafmagn | 59.576 | 71.520 | 66.073 |
| Vatn | 11.257 | 12.907 | 10.560 |
| **Hafnarvirki** | 645.992 | 763.216 | 676.624 |

### Eignagjöld

| | | | |
|---|---|---|---|
| Land, lóðir og götur | 164.744 | 198.664 | 155.880 |
| Húseignir | 328.950 | 354.713 | 324.704 |
| **Eignagjöld** | 493.694 | 553.377 | 480.584 |

### Hafnarþjónusta

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hafnsaga | 204.108 | 186.872 | 198.067 |
| Bátar | 416.333 | 428.545 | 377.876 |
| Önnur hafnarþjónusta | 71.459 | 37.971 | 78.634 |
| **Hafnarþjónusta** | 691.899 | 653.388 | 654.577 |

### Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hafnarstjórn | 27.060 | 29.040 | 25.716 |
| Hafnarskrifstofa | 312.002 | 323.938 | 292.645 |
| Rannsóknir, ráðgjöf o.fl. | 27.076 | 15.000 | 24.474 |
| Minjavarsla | 799 | 1.000 | 2.438 |
| Umhverfisstefna | 2.794 | 3.000 | 4.814 |
| Markaðs- og kynningarmál | 16.540 | 28.000 | 29.125 |
| Framlög til félaga | 9.424 | 18.000 | 19.027 |
| Afskrifaðar kröfur | 25.701 | 6.000 | 4.459 |
| Jafnlaunavottun | 0 | 0 | 4.314 |
| **Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** | 421.395 | 423.978 | 407.011 |

### Siglingavernd

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skipavernd | 6.698 | 28.538 | 40.863 |
| Farmvernd | 174.969 | 197.000 | 178.279 |
| Annar kostnaður | 83.114 | 77.916 | 79.025 |
| **Siglingavernd** | 264.781 | 303.454 | 298.168 |

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

# Skipakomur til Faxaflóahafna




Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

# Samalögð stærð skipa til Faxaflóahafna



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

# Flutningar um hafnir Faxaflóahafna sf




Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

# Gámaflutningar um hafnir Faxaflóahafna sf



# Landaður afli hjá Faxaflóahöfnum sf

